

Lagt fyrir 385. fund velferðarráðs 21. október 2020

VEL2020070004

RÁ/ag

Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um ástandið á vinnumarkaði Reykjavíkurborgar.

Þann 19. ágúst 2020 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um ástandið á vinnumarkaði Reykjavíkurborgar.

Fyrirspurnir um ástandið á vinnumarkaði Reykjavíkurborgar. Lögð er fram stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19. Aðallega er fjallað um tillögur að vinnu markaðsaðgerðum, stöðu langtíma atvinnulausra og stöðu aðgerða í velferðarþjónustu auk húsnæðis- og skuldamála. Flest af því sem fram kemur í skýrslunni lýtur að aðgerðum stjórnvalda og ákveðin samstarfsverkefni stjórnvalda og Reykjavíkur. Það sem fulltrúi Flokks fólksins langar að vita er hver sé þróun verkefna sem Reykjavíkurborg stendur ein fyrir? Í framhaldinu eru lagðar fram fyrirspurnir: Hvernig er ástandið á vinnumarkaði borgarinnar? Hvernig hefur gengið að manna lausar stöður í Reykjavík og hvar er mesti vandinn vegna manneklu? Óskað er eftir yfirliti fyrir síðustu mánuði.

Svar:

Sumarið 2020 tók Reykjavíkurborg þátt í vinnumarkaðsátaki í samvinnu við ríkið og Vinnumálastofnun. Átaksverkefnið sneri að nemum, 18 ára og eldri sem voru milli anna í námi. Reykjavíkurborg var úthlutað 450 störfum í heild og var ráðið í 204 störf á velferðarsviði.

Önnur vinnumarkaðsúræði sem Reykjavíkurborg hefur samþykkt er að skapa 100 störf í samvinnu við velferðarsvið sem eru fyrir einstaklinga á fjárhagsaðstoð og 100 störf í samvinnu við Vinnumálastofnun sem eru fyrir einstaklinga á atvinnuleysisráði.

Atvinnuleysi er mun meira í ár samanborið við 2019 og 2018. Almennt atvinnuleysi síðustu mánuði skv. upplýsingum frá Vinnumálastofnun var 7,9% í júlí, 7,5% í júní og 7,4% í maí. Árið 2019 voru 6.680 manns að meðaltali atvinnulausir, eða 3,6% af áætluðum mannafla á vinnumarkaði, en árið 2018 voru 4.283 manns að meðaltali atvinnulausir, eða 2,4%.

Á velferðarsviði hefur gengið vel að manna í lausar stöður og eru nú einungis 11 auglýsingar á vef Reykjavíkur um laus störf á sviðinu. Vegna stöðu á atvinnumarkaði eru umsækjendur um hvert starf mun fleiri nú en áður og auðveldara hefur verið að manna laus störf á velferðarsviði samanborið við síðustu ár.